

GJALDSKRÁ

fyrir kalt vatn á veitusvæði Orkuveitu Reykjavíkur – vatns- og fráveitu.

1. gr.

Vatnsgjald.

Heimilt er að leggja á fasteign almennt vatnsgjald hafi vatnsveita verið tengd við mannvirki á fasteign. Mannvirki telst tengt vatnsveitu þegar heimæð hefur verið tengd frá vatnsveitulögn í vatnsinntak notanda.

<i>Svæði</i>	<i>Fastagjald kr./matseining/ár</i>	<i>Fermetragjald kr./m²/ár</i>
Reykjavík og Akranes	5.352	207,71
Álfanes og Stykkishólmur	6.698	259,90
Grundarfjörður	6.970	306,79
Borgarbyggð og Úthlíð	7.642	336,39

Vatnsgjald samanstendur af fastagjaldi á hverja matseiningu og fermetragjaldi eftir stærð samkvæmt fasteignaskrá. Heimilt er að reiknað sé af flatarmáli allra mannvirkja á fasteign.

Bílskúrar og sambærilegt húsnæði sem stendur á fasteign með öðrum mannvirkjum er undanþegið fastagjaldi. Vatnsgjald fer aldrei yfir 0,5% af fasteignamatí. Vatnsgjald þetta er miðað við byggingarvísitölu í desember 2021 og uppfæriskv. henni í desember ár hvert.*

Árleg vatnsgjöld mannvirkja í sumarhúsabyggingum skulu að lágmarki vera 35.905 kr.

Vatnsgjald innheimtist af Orkuveitu Reykjavíkur – vatns- og fráveitu.

Orkuveitu Reykjavíkur – vatns- og fráveitu er heimilt að gjaldfella álagningu ársins verði greiðslufall á einum eða fleiri reikningum vegna álagningarinnar.

2. gr.

Notkunargjald vatns.

Notkunargjald er 38,31 kr./m³ og gjald fyrir byggingavatn er 176,99 kr./dag.

Fast gjald sem er háð stærð mælis:

<i>Stærð mælis</i>	<i>Fast gjald kr./dag</i>	<i>Fast gjald fyrir brunna¹ kr./dag</i>
15 mm	45,63	152,27
20 mm	46,43	153,09
25 mm	59,78	166,42
32 mm	67,00	173,63
40 mm	80,61	187,29
50 mm	98,58	205,28
65 mm	133,00	239,38
80 mm	258,04	364,91
≥ 100 mm	271,28	378,23

¹ Verðlagning byggir á 2. ml. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga og gildir fyrir afhendingu vatns í brunni þar sem skráð fasteign er ekki til staðar.

3. gr.

Tengigjöld.

Gjaldskráin miðast við að ídráttarrör fyrir heimæð hafi verið lagt á frostfríu dýpi frá tengistað Orkuveitunnar við lóðarmörk, að inntaksstað mannvirkis sem Orkuveitan hefur samþykkt.

<i>Þvermál inntaks:</i>	<i>32 mm</i>	<i>40 mm</i>	<i>50 mm</i>	<i>63 mm</i>	<i>75 mm</i>	<i>90 mm</i>	<i>110 mm</i>
Tengi- gjald kr.:	300.515	429.460	613.734	888.330	1.174.159	1.571.868	2.166.993

Tengigjald fyrir inntök > 110 mm er reiknað út hjá Orkuveitunni.

Ein tengigrind er innifalin í hverju tengigjaldi og fyrir hverja aukatengigrind greiðist 10% af tengigjaldi viðkomandi málstærðar.

Byggingavatn og brunnar:

<i>Byggingavatn til og með 50 mm</i>	<i>kr.</i>
Uppsettur byggingavatnskraní ¹	97.782
Aftenging byggingavatnskрана, yfirborð ófrágengið	84.908
Aftenging byggingavatnskрана, yfirborð malbik eða steypa	224.448
Uppsettur brunnur fyrir vatnsafhendingu ²	74.495

¹ Gildir þegar tengt er við heimæðarenda sem kominn er inn fyrir lóðarmörk.

² Sé sótt um heimæð í brunn þar sem fasteign er ekki til staðar leggur Orkuveitan til brunninn og kemur honum fyrir. Umsækjandi greiðir einnig tengigjald í samræmi við þá stærð sem sótt er um fyrir.

Tengigjöld fyrir frístundahús:

<i>Staðsetning</i>	<i>Málstærð</i>	<i>kr.</i>
Heimæð lögð stök frá stofn- eða götuæð	25 mm	871.698
Heimæð lögð í sama skurð og samtímis heitavatnsheimæð OR	25 mm	626.034

Þetta verð miðast við heimæð allt að 100 metrum að lengd. Umsækjandi greiðir sérstaklega fyrir klapparbot.

4. gr.

Gjöld skv. 2. og 3. gr. miðast við byggingarvísitölu fyrir desember 2021 og uppfærast á 3ja mánaða fresti.

Gjaldskrá þessi sem er sett í samræmi við lög um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 og reglugerð um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005 öðlast gildi 1. janúar 2022. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1427/2021.

* Vatnsgjald skv. 1. gr. verður óbreytt árið 2022.

Reykjavík, 14. desember 2021.

F.h. Orkuveitu Reykjavíkur – vatns- og fráveitu sf.,

Gestur Pétursson framkvæmdastjóri Veitna.